

Meðferð með Cystistat

Cystistat inniheldur efni sem myndar verndandi lag í þvagblöðrunni og getur endurnýjað skemmdir í þekjuvef hennar. Efnið er notað við millivefjablöðrubólgu, endurteknum þvagfærasýkingum og langvinnum bólgum í þvagblöðru eftir geislameðferð.

Staður og tími

Efnið er gefið í sex skipti á göngudeild þvagfæra 11A á Hringbraut.

- Fyrstu fjögur skiptin er efnið gefið vikulega.
- Síðustu tvö skiptin er efnið gefið með tveggja vikna millibili.
- Ef meðferðin ber árangur er oft gefin viðhaldsmeðferð, einu sinni í mánuði, í sex mánuði.

Framkvæmd

Sjúklingur þarf að leysa út Cystistat í apóteki Landspítala fyrir meðferð og hafa það með sér á 11A.

Hjúkrunarfræðingur framkvæmir meðferðina en einnig er hægt er að læra að gefa sér lyfið sjálfur og fá til þess kennslu og stuðning. Þvagrásarop er þvegið með saltvatni og þvaglegg komið fyrir í þvagblöðrunni. Efninu (50 ml af vökva) er sprautað inn í þvagblöðruna gegn um þvaglegginn og hann síðan fjarlægður.

Meðferðin tekur um 30 mínútur.

Aukaverkanir

Engar þekktar aukaverkanir eru af gjöf Cystistat.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100.

Utan þess tíma má hafa samband við bráðamóttöku í Fossvogi í síma 543 2000.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.